

Foreldraráð Leikskóli Seltjarnarnes

Fundargerð, þriðjudagur 24.júni 2015 kl. 08:30

Mættir voru Anna Harðardóttir, Svana Davíðsdóttir, Haukur Hauksson og Saga Ómarsdóttir.

- Mikilvægt að allt útisvæðið verði vel yfirfarið í sumar þegar leikskólinn lokar, sérstaklega undirlag við allar rólur og rennibrautir. Stjórnendur leikskólans munu koma þessu áleiðis til bæjaryfirvalda. Lögð var áhersla á að það þyrfti að þrýsta á framkvæmdir svo þær drægjust ekki um of eða féllu jafnvel niður.
- Það stendur til að fá landslagsarkitekt til að taka út allt útisvæðið. Foreldraráð lýsti yfir áhuga á að fá að sjá þær tillögur þegar þær liggja fyrir. Mjög gott framtak að mati foreldraráðs.
- Hluti af því sem á að vinna við í sumar er málningarvinna, laga steinteppi, yfirfara glugga og útihurðir. Foreldraráð óskaði eftir að fá aðgang að lista yfir það hvaða framkvæmdir ætti að fara í yfir sumarlokunartímann. Sú beiðni samþykkt.
- Farið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir næsta vetur. Helstu breytingar felast í nýju verkefni sem verður komið á laggirnar, sk. „hringekju“. Í Hringekju er boðið upp á átta mismunandi vinnustöðvar 2 x í viku. Unnið er með hreyfingu, útinám, listsköpun, jóga, sögugerð, vísindi, grænfána- verkefnið og tónlist. Öll börn í Sólbrekku taka þátt og fá tækifæri til þess að vinna á öllum vinnustöðvum og um leið að kynnast börnum og starfsfólki af öllum deildum.
- Samstarfið við Gróttu þar sem stelpurnar sem æfa fótbolta í 8.flokki eru sóttar á leikskólann hefur að sögn gengið vel.
- Námskráin er að verða tilbúinn til yfirlestrar foreldraráðs. Til stendur að bæta við hana verkefni um byrjendalæsi þegar þar að kemur. Áætlað er að vinna við undirbúning þess verkefnis hefjist í ágúst og má því ætla að fljótlega upp úr því verði unnt að setja verkefnið á námskrá. Skólinn munn uppfæra námskrána þegar þar að kemur.
- Yngstu börnin sem fara inn á Holt í ágúst verða fædd í júní 2014.
- Foreldraráð kynnti mikilvægi þess að fá til starfa nýja meðlimi í foreldraráð enda fyrirséð að starfandi fulltrúar í foreldraráði hefðu nú setið í tvö ár samfelt og formaður í þrjú ár og munu a.m.k. tveir þeirra ekki starfa áfram með foreldraráðinu. Því er mjög mikilvægt að fá nýja aðila inn og byrja sem fyrst að leita eftir þeim.
- Næsti fundur verður í ágúst og þá með nýjum meðlimum foreldraráðs.

Fundi slitið 09:15

Fundargerð ritaði Saga Ómarsdóttir